

D Ó M U R

Héraðsdóms Vestfjarða 20. ágúst 2007 í máli nr. S-48/2007:

Ákærvaldið

(Ólafur Hallgrímsson fulltrúi)

gegn

Bjarka Péturssyni

(Tryggvi Guðmundsson hdl.)

Mál þetta sem var dómtekið þann 29. júní sl. höfðaði sýslumaðurinn á Ísafirði þann 26. apríl sl. með ákæru á hendur Bjarka Péturssyni, f. 12. september 1988, Stakkanesi 8, Ísafirði,

„fyrir líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 31. desember 2006, í anddyri veitingastaðarins Krúsin við Austurveg, Ísafirði, ráðist á Ingvar Þór Þorbergsson, kt., fellt hann í gólfíð og sest klofvega yfir hann og slegið hann nokkrum hnefahöggum í andlitið og slegið höfði hans nokkrum sinnum í gólfíð, með þeim afleiðingum að hann hlaut áverka á höfði og í andliti, bólgur og sár á vinstri vör.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar“.

Ákærði krefst sýknu.

I.

Ingvar Þór Þorbergsson kom á lögreglustöð fimmtudaginn 4. janúar 2007 og kærði árás sem ákærða er gefin að sök í ákæru. Hann tók fram að hann myndi lítið eftir málinu, þar sem hann hefði verið mjög ölvaður. Hann lýsti atvikum svo að hann hefði verið staddur í anddyri veitingastaðarins Krúsarinnar aðfaranótt 31. desember 2006, um klukkan hálfjögur og verið þar á tali við fólk. Skyndilega hefði hann legið í gólfinu og ákærði setið klofvega ofan á bringu hans og verið að slá hann í andlitið. Hann hefði fengið áverka við munn og opið sár á hnakka. Sér væri ekki ljóst hvort ákærði hefði hætt árásinni af sjálfsdáðum, eða hvort aðrir hefðu komið sér til hjálpar.

Samkvæmt áverkavottorði leitaði Ingvar Þór til læknis síðdegis á nýársdag. Við skoðun reyndist hann vera með 2x2 cm stórt svæði með rauleitum

húðlagsblæðingum og vægum þrota í húð, vinstra megin á mörkum „occipital og parietal svæðis höfuðlags.“ Væg þreifieymsli voru á þessu svæði. Á andliti sást vægur roði og þroti í húð á 3x3 cm svæði vinstra gagnaugasvæðis. Vinstri efri vör sást vægt bólgin. Bein þreifieymsli voru á þessum stöðum andlits. Í munnholi sást á innanverðri efri vör vinstra megin 0,75 cm langt, 3 mm djúpt, skálægt opið sár í slímhimnu með óreglulega og þrútna sárkanta.

II.

Hér fyrir dómi skýrði Ingvar Þór svo frá að hann myndi að hafa verið í einhverjum hóp á spjalli í anddyri veitingastaðarins. Síðan hefði hann skyndilega legið á gólfinu og ákærði verið að slá hann í andlitið, mörg högg. Hann hefði reynt að lyfta höfði, sem hefði skolið aftur í gólfið undan höggum ákærða. Ákærði hefði slegið með báðum höndum og höggin hefðu verið þung. Ákærði hafi setið þannig á sér að hendur hafi verið klemmdar niður með síðum og hann því ekki komið vörnum við. Vitnið kveðst ekki muna eftir að hafa gefið ákærða neitt tilefni til árásarinnar. Vitnið kvaðst hafa verið verulega ölvæður.

Ákærði kveðst hafa verið að óska Ingvari Þór gleðilegra jóla og klappað á bak hans um leið. Þá hafi Ingvar Þór slegið sig tilefnislaust í andlit með flötum lófa og ýtt eitthvað við sér. Hann hafi þá ýtt á bringu Ingvars Þórs, brugðið fæti aftur fyrir hann og fellt hann. Hann hafi fallið sjálfur með, ofan á Ingvar Þór. Er þeir hafi fallið hafi ákærði slegið til Ingvars, en kveðst ekki vera viss um hvar höggið lenti. Þá hafi móðir Ingvars Þórs, eða einhver önnur kona komið að. Ákærði hafi þá staðið upp og farið.

Vitnið Eiríkur Guðberg Guðmundsson segist hafa verið þarna í anddyrinu og hafi verið að syngja ásamt fleirum. Ákærði og Ingvar Þór hafi ýst eitthvað á. Hafi Ingvar Þór byrjað á að ýta í Bjarka sem síðan hafi misst stjórn á sér. Vitnið kveðst hafa litið eitthvað af þeim, en næst hafi hann séð ákærða sitja á Ingvari Þór og berja höfði hans í gólfið eða þröskuld. Þessu hafi lokið á örskammri stund. Einhver hafi farið niður og sótt móður Ingvars Þórs.

Vitnið Íris Jónsdóttir kveðst hafa verið fyrir utan. Hún hafi opnað útidyr og komið að þar sem ákærði hafi setið á Ingvari Þór í anddyrinu, klemmt handleggja hans niður með fótunum og slegið í höfuð hans með báðum höndum. Vitnið kveðst ekki hafa séð að hann slægi höfði hans í gólfið. Vitnið kveðst hafa farið og sótt hjálp.

Vitnið Linda Björk Pétursdóttir kveðst hafa verið fyrir utan og séð inn um dyraglugga að einhverjir flygjust á. Hún hafi opnað dyrnar og litið inn fyrir. Hún hafi séð ákærða sitja ofan á Ingvari Þór, sem hafi borið hendur fyrir sig. Hún hafi ekki séð nein högg greidd. Dyravörður eða einhver annar hafi skilið þá að.

Vitnið Stefán Rey Sveinbjörnsson kveðst hafa verið þarna í anddyrinu. Ákærði og Ingvar Þór hafi verið að fíflast og ýta hvor í annan. Ingvar Þór hafi reiðst eitthvað við ákærða sem hafi verið rólegur í fyrstu og hafi þeir farið að slá hvor annan í andlitið með flötum lófum. Hann kveðst þó alls ekki muna hvor hafi slegið hvorn fyrst. Hann kveðst ekki muna vel hvernig þeir hafi fallið í gólfið, en líklega hafi Ingvar Þór fallið fyrst. Nánar spurður ber hann að ákærði hafi fellt hann og sest ofan á hann. Hann hafi ekki séð nein hnefahögg greidd.

III.

Með skírskotun til framburðar ákærða verður lagt til grundvallar að hann hafi fellt Ingvar Þór í greint sinn og slegið til hans. Ingvar Þór ber að eftir það hafi ákærði slegið sig mörg högg í höfuð. Hafa verður í huga við mat á framburði hans að hann var undir umtalsverðum áfengisáhrifum.

Vitnið Eiríkur Guðberg Guðmundsson ber að ákærði hafi slegið höfði Ingvars Þórs í gólf eða þröskuld. Vitnið Íris Jónsdóttir ber að ákærði hafi slegið hann í höfuðið, en kveðst ekki hafa séð að hann slægi höfði hans í gólfið. Vitnið Linda Björk Pétursdóttir kveðst hafa séð ákærða sitja ofan á Ingvari Þór, en ekki að hann hafi greitt honum nein högg. Vitnið Stefán Rey Sveinbjörnsson kveður ákærða hafa fellt Ingvar Þór, en ekki muna að hafa séð hann greiða honum nein högg.

Dómurinn telur sannað með tilliti til framburðar vitna að ákærði hafi fellt Ingvar Þór, sest ofan á hann og, með hliðsjón af því að Ingvar Þór fékk sár innan á vör, að hann hafi slegið hann, en ekki verður slegið föstu með tilliti til þess hve vitni greina mismunandi frá að hann hafi slegið hann nokkur högg og slegið höfði hans nokkrum sinnum í gólfið. Sú háttsemi sem ákærði telst sannur að varðar við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Ingvar Þór kveðst ekki muna um aðdraganda að árás ákærða. Framburður vitnanna Stefáns Reys og Eiríks Guðbergs gefur til kynna að Ingvar Þór hafi með einhverjum hætti veist að ákærða, sem missti þá stjórn á sér og réðst á Ingvar Þór. Þykir eiga að beita refsilækkunarheimild 3. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 83/2005 og 12. gr. laga nr. 20/1981. Ákærði hefur ekki sætt öðrum refsingum en sekt fyrir brot gegn lögum nr. 65/1974. Áverkar Ingvars Þórs voru óverulegir. Með tilliti til þessa er rétt að refsing ákærða falli niður.

Dæma ber ákærða til að greiða sakarkostnað, sem nemur 134.500 krónum, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Tryggva Guðmundssonar hdl., sem ákveðast eins og greinir í dómsorði, að virðisaukaskatti meðtöldum.

Dóm þennan kveður upp Erlingur Sigtryggsson dómstjóri. Dómsuppsaga hefur dregist nokkuð vegna anna dómarans.

Dómsorð:

Ákærða, Bjarka Péturssyni, er ekki gerð refsing í þessu máli.

Ákærði greiði 134.500 krónur í sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Tryggva Guðmundssonar hdl., 124.500 krónur.

Erlingur Sigtryggsson